

# Innheimtulög

2008 nr. 95 12. júní

[Ferill málsins á Alþingi.](#) [Frumvarp til laga.](#)

Tóku gildi 1. janúar 2009.

## III. kafli. Samband innheimtuaðila og skuldara.

### ■6. gr. *Góðir innheimtuhættir.*

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

Það telst m.a. brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi eða valda óþarfa tjóni eða óþægindum.

### ■7. gr. *Innheimtuviðvörðun.*

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörðunar. Veita má lengri frest til greiðslu.

Í viðvörðun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;

b. lýsing á kröfu;

c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;

d. greiðslustaður; og

e. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi og falla ekki undir 2. mgr. 3. gr. geta sent innheimtuviðvörðun skv. 1.–2. mgr. fyrir gjalddaga enda komi eigi til greiðslu innheimtuþóknunar vegna viðvörðunarinnar skv. c-lið sé krafa greidd í síðasta lagi tíu dögum eftir gjalddaga.

Krafa telst greidd ef greiðsla hefur borist áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst fyrir lok frestsins.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörðunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

### ■8. gr. *Umboð innheimtuaðila.*

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu, m.a. eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti, hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir óski skuldari þess.